

Skýrsla stjórnar 2018-2020

Lokaskýrsla stjórnar Betadeildar fyrir árin 2018 – 2020, flutt á aðalfundi 15. maí 2020.

Ný stjórn Betadeildar tók til starfa í ágúst 2018 með því að halda sinn fyrsta stjórnarfund. Stjórnina skipa Sigríður Magnúsdóttir formaður, Hugrún Sigmundsdóttir varaformaður, Elín Magnúsdóttir ritari og Fríða Pétursdóttir meðstjórnandi. Með stjórninni starfa Aníta Jónsdóttir fráfarandi formaður og Martha Lilja Olsen gjaldkeri. Fyrsta verk stjórnar var að leggja drög að starfsáætlun vetrarins ásamt því að koma með tillögu að þema sem félagið gæti starfað eftir næstu tvö árin. Ákveðið var að vinna með markmiðið: *Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntámálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna*. Fyrri árið voru einkunnarorðin: *Nærandi samfélag*, hugsað bæði inná við og útá við. Seinna árið var lagt til á framkvæmdaráðsfundi að vinna með sama markmið en leggja áherslu á virkni kvenna, þannig að einkunnarorðin urðu: *Verum vakandi og virkar*.

Þessi tvö starfsár var starf deildarinnar öflugt. Fundir voru með hefðbundnu sniði þ.e. þrír fundir fyrir áramót skipulagðir af stjórn og fjórir fundir eftir áramót skipulagðir af undirbúningshópum. Seinna árið setti heimsfaraldur COVID-19 strik í reikninginn þannig að fundir í mars og apríl féllu niður. Jólafundir voru skipulagðir sameiginlega af stjórnnum Beta- og Mý og seinna árið var Ný deild boðið að koma á jólafund.

Eins og hefð er orðin fyrir var byrjað á að fara í haustferð og var sú fyrri farin til Sauðárkróks ásamt Mýdeildarkonum þar sem Nýdeildarkonur tóku á móti hópnum. Konur fengu kynningu á starfsemi Sútunarstöðvarinnar, Sjávarleðurs og Gestastofu Sútarans. Á Kaffi Króki var svo formleg móttaka þar sem Jenný Þórkatla Magnúsdóttir formaður Nýdeildar bauð konur velkomnar og hóf dagskrá með skemmtilegu bingói. Konur nutu síðan samveru og góðra veitinga fram eftir kvöldi.

Seinni haustferðin var farin til Dalvíkur með viðkomu að Böggvisstöðum þar sem súrdeigsbakarinn Mathias Julien Spoerry tók á móti hópnum og fræddi um vinnslu á hveiti, brauðbakstri og bauð upp á ilmandi súrdeigsbrauð að smakka. Eftir fræðslu og smakk lá leiðin á veitingastaðinn Gísli, Eirík og Helga þar sem konur nutu samvista og veitinga ásamt því að hlýða á erindi Elísu Ránar Ingvarsdóttur um farsæla öldrun.

Ýmsir góðir gestir heimsóttu okkur þessi tvö starfsár og fræddu okkur um margvísleg málefni sem tengdust markmiðinu og einkunnarorðunum. Fyrri starfsárið fengum við til okkar Önnu Soffíu Víkingsdóttur sem sagði frá vinnu sinni í baráttumálum kvenna innan íþróttahreyfingarinnar. Vakin var svo athygli á kvennafrídeginum 24. október og mættu Betakonur á samstöðufund sem haldinn var á Ráðhústorgi þann dag.

Alfa Aradóttir deildarstjóri forvarna- og frístundadeildar Akureyrarbæjar og Bryndís Elfa Valdemarsdóttir verkefnastjóri á skrifstofu samfélagssviðs kynntu innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hjá Akureyrarbæ sem er fyrsta sveitarfélagið til að innleiða sáttmálann. Alfa og Bryndís fjölluðu m.a. um hvað felist í barnvænu samfélagi og fóru yfir aðgerðaráætlun sem samþykkt var í bæjarstjórn um innleiðingu sáttmálans. Eva Harðardóttir, doktorsnemi í menntavísindum og framhaldsskólakennari sagði frá starfsemi Sameinuðu þjóðanna og starfi sínu í Malaví og á fleiri stöðum þar sem hún hefur sérstaklega unnið að framgangi menntunar barna. Á þeim fundi unnu konur einnig með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og ígrunduðu starf deildarinnar út frá þeim. Elísa Rán Ingvarsdóttir hjúkrunarframkvæmdarstjóri á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Dalbæ var með fræðsluerindi sem fjallaði um farsæla öldrun.

Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur og dósent við Háskólann á Akureyri kom á jólafund. Hún fjallaði um lestur bóka og mikilvægi lesturs barna og unglunga fyrir íslenska tungu sem og aðra menningu. Hún sagði einnig frá tildrögum að nýútkominni bók, Ungfrú fótbolti og las valinn kafla úr henni.

Á febrúarfundi sagði Svanfríður Larsen frá efni bókar sinnar Á réttri leið – Uppbygging og þróun í málefnum fatlaðra á Norðurlandi sem hún skrifaði ásamt Bjarna Kristjánssyni. Bókin segir áhugaverða sögu um það ferli sem átti sér stað frá þeim tíma þegar enga þjónustu var að fá fyrir fatlaða einstaklinga úti á landsbyggðinni, uppbyggingu og þróun.

Þetta er dágóð upptalning og þegar horft er til baka er óhætt að segja að ágætlega hafi gengið að vinna að markmiðinu sem lagt var upp með. Allir þessir aðilar voru með fróðleg, uppbyggileg og skemmtileg erindi sem gera okkur Betasystur fróðari og víðsýnni.

Á fundi Betadeildar í apríl 2015 var viðfangsefnið að skoða hvernig hægt væri að gera Delta Kappa Gamma samtökin sýnilegri úti í samfélaginu. Félagskonur ræddu þetta í hópum og ákveðið var að halda hátíðlegan alþjóðlegan dag kennara 5. október ár hvert. Síðan hafa Beta og Mýdeild staðið sameiginlega fyrir þingum og boðið kennurum upp á fræðandi og skemmtileg samræðuþing.

Fyrri þingið í okkar stjórnartíð bar yfirskriftina:

Að vera kennari - lygilega gaman og var haldið í Hofi. María Pálsdóttir leikkona stýrði þinginu og hélt erindi um kennara og kennarastarfið.

Á alþjóðadegi kennara laugardaginn 5. október 2019 bar þingið yfirskriftina: "*Hvenær mætast draumar kennarans og nemandans*" Dýrleif Skjöldal hélt erindi þar sem hún velti þessu fyrir sér. Skemmtikraftar stigu á stökk, Eiríkur Stephensen og Hjörleifur Hjartarson sungu og sögðu gamansögur.

Komin er hefð fyrir því að Beta og Mýdeildir haldi sameiginlegan jólafund og var sá fyrri haldinn í Brekkuskóla 30. nóvember 2018 í slæmu veðri og miklum snjóþyngslum. Seinni jólafundurinn var hinsvegar haldinn í fallegu vetrarveðri á hótél Kjarnalundi í Kjarnaskógi. Að þessu sinni var Nýdeild boðið að vera með. Dagskrá fundar fór fram milli rétta í borðhaldi ásamt samsöng sem María Gunnarsdóttir stjórnaði. Kristín G. Snæland úr Nýdeild flutti orð til umhugsunar. Gestur fundarins var eins og áður hefur komið fram Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur og dósent. Katrín Fjóla Guðmundsdóttir úr Mýdeild sagði frá dvöl á Nýja-Sjálandi á jólum fyrir nokkrum árum.

Á þessum tveimur starfsárum var eitt Landsambandsþing haldið í Reykjavík og svo stóð til að halda vorþing 9. maí í Borgarnesi en því hefur verið frestað til 12. september. Þing alþjóðasambandsins árið 2018 var haldið 16.–20. júlí í Austin, Texas. Evrópuráðstefnan 2019 var haldin í Reykjavík, Íslandi 25.–27. júlí 2019.

Á þessu stjórnartímabili var góð mæting á fundi eða að meðaltali um 20 félagskonur á hverjum fundi. Félagskonur voru virkar og tilbúnar að vinna að verkefnum samtakanna. Betakonur hafa verið öflugar í að taka þátt í nefndum á vegum landsambandsins og má nefna að Aníta og Jónína sitja báðar í Landssambandsstjórn.

Tvær konur bættust í okkar góða hóp á tímabilinu en það eru þær Sigurbjörg Rún Jónsdóttir og Aðalbjörg Bragadóttir en þar að auki erum við svo lánssamar að hafa fengið Laufey Petreu til liðs við okkur sem verður væntanlega tekin inn með formlegum hætti næsta vetur. Halldóra Haraldsdóttir flutti suður og sagði sig úr félaginu, Jórunn flutti einnig suður en er enn í deildinni. Martha Lilja Olsen og María Gunnarsdóttir munu hætta að þessu tímabili loknu. Við lok þessa starfsárs eru 31 félagskona í Betadeild.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég segja að þessi tvö ár sem formaður hafa verið lærdómsrík fyrir mig. Ég hef kynnst samtökunum betur, öðlast reynslu og þekkinu og átt gott samstarf við margar góðar konur og vil ég nefna að samvinna við formenn Mý- og Nýdeilda hefur verið mjög ánægjulegt og gefandi og styrkir starf deildanna. Mér finnst alltaf jafn gott að koma á fundi í Betadeild og eyða stund með ykkur kæru Betasystur og ég veit að deildin okkar á eftir að vaxa og dafna.

Að lokum vil ég þakka stjórnarkonum þeim Elínu, Fríðu, Hugrúnu, Anítu og Mörthu og öllum Betakönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Akureyri 15. maí 2020. Fyrir hönd stjórnar 2018 - 2020 Sigríður Magnúsdóttir fráfarandi formaður Betadeildar